

105

30. júlí

Bannað er að flytja út hvalkjöt, sem ekki er fryst samkvæmt fyrirætlum reglugerðar þessarar.

27. gr.

28. gr.

Bannað er að afhenda hvalkjöt, sem við skoðunina reynist ekki heilnæmt og nýtt eða vegna óbragðs getur ekki talizt hæf verzlunarvara.

29. gr.

Hvalkjöt, sem ætlað er til manneldis, skal við afsendingu vera þannig, að ætla megi það hæft til manneldis, þegar það er komið á ákvörðunarstað.

XIII. KAFLI

Undanþáguákvæði m. m.

30. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett nánari reglur og veitt undanþágu frá reglugerðarákvæðum þessum, ef það telur ástæðu til.

31. gr.

Prentað eintak þessarar reglugerðar skal vera á áberandi stað á öllum hvalveiðistöðvum og á öðrum vinnustöðvum, þar sem unnið er að hagnýtingu hvalkjöts.

32. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, ef ekki liggur þyngrri refsing við að lögum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92/1935 og lögum nr. 26/1949, til að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. júlí 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.

106

4. ágúst

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Sturlu Jónssonar, kaupmanns í Reykjavík, til minningar um foreldra hans, Jón Pétursson háyfirdómara og Sigprúði Friðriksdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. ágúst 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Sturlu Jónssonar, kaupmanns í Reykjavík, til minningar um foreldra hans, Jón Pétursson háyfirdómara og Sigprúði Friðriksdóttur.

1. Sjóðurinn nefnist Gjafasjóður Sturlu Jónssonar til styrktar fátækum börnum, er þarfnast spítalavistar á barnaspítala þeim, er kvenfélagið Hringurinn í Reykjavík gengst fyrir byggingu á.
2. Stofnfé sjóðsins er kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — í 1. veðréttar-

bréfi Sturlu Friðrikssonar í húseigninni Laufásvegi 51 í Reykjavík, er ávaxtast með 5% vöxtum, talið frá 1. júlí 1948. **106**

4. ágúst

3. Sjóðurinn skal standa undir stjórn forstöðulæknis þessa barnspítala ásamt landlækni og yfirhjúkrunarkonu spítalans.
4. Það fé sjóðsins, er innborgast í vöxtum og/eða afborgunum af veðskuldabréfinu undir 2. tölulið, skal ávaxtast í veðdeildarbréfum eða öðrum trygguðum veðbréfum, er ríkissjóður ábyrgist, og skulu bréfin áritast um, að þau séu eign sjóðsins. Upphæðir, er ekki nema 1000 kr., mega þó standa í sparisjóði.
5. Stofnfé sjóðsins og það, sem við kann að leggjast samkvæmt þessari skipulagsskrá, má aldrei skerða.
6. Þar til spítalinn tekur til starfa leggjast allir vextirnir af sjóðnum við höfuðstólinn.
7. Af vöxtum sjóðsins eftir að spítalinn tekur til starfa, má verja $\frac{1}{10}$ — níu tíundu — hlutum ár hvert, en $\frac{1}{10}$ skal ávallt leggjast við höfuðstólinn. Þeim vöxtum, er koma til úthlutunar árlega, skal verja til styrktar fátækum börnum, er á barnspítalanum dvelja, og ekki þiggja af sveit, eða foreldrar þeirra, til fatagjafa eða á annan hátt, þegar þau fara af spítalanum, og ákveður sjóðstjórnin hvort styrkurinn skuli veittur í einu lagi eða honum skipt milli fleiri barna. Verði eitthvert ár úthlutað minna en $\frac{1}{10}$ hlutum vaxtanna, leggst mismunurinn við höfuðstól sjóðsins.
8. Reikninga sjóðsins ber sjóðstjórninni að gera upp árlega og skulu reikningar hans birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.
9. Leita skal forsetastaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Sem skiptaforstjórar í dánarbúi Sturlu Jónssonar, kaupmanns í Reykjavík, leyfum við okkur að beiðast þess, að ofanskráð skipulagsskrá megi öðlast staðfestingu forseta Íslands.

Virðingarfullt, Reykjavík, 6. október 1948.

F. h. skiptaforstjóranna í dánarbúi Sturlu Jónssonar.

Lárus Fjeldsted. Ólafur Ólafsson.

REGLUGERÐ

um vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

107

5. ágúst

1. gr.

Ágóða af vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga (hér í reglugerðinni framvegis skammstafað SÍBS) skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vistheimilisins í Reykjalundi.

Eignum happdrættisins skal, ef það verður lagt niður, verja á sama hátt.

2. gr.

Stjórn SÍBS fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Hún skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra happdrættisins.

3. gr.

Reikningsár happdrættisins er almanaksárið. Fjármálaráðuneytið skipar 2 endurskoðendur reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.